

Glaumbær



Glaumbær í Skagafirði. GLH 2007.

Byggingarár: 1840–1880.

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1947.

Byggðasafn frá 1952.

Í umsjá Byggðasafns Skagafirðinga frá 1995.ⁱ

Friðaður 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.


Glaumbær er torfhús um 32 m að breidd og 28 m á lengd að utanmáli. Timburstafnar sex húsa snúa í austur fram á bæjarhlæð; syðst er smiðja og því næst Syðri-Skemma, Norður-Skemma, Suðurstofa og bæjardyr, Norðurstofa og eldiviðarskemma nyrst. Úr bæjardyrum, sem þiljaðar eru frá suðurstofu með þverþili, er gengið inn í stofurnar tvær, en yfir þeim báðum er loft. Inn af bæjardyrum eru bæjargöng sem tengja saman sjö hús. Fremst að sunnanverðu er Litlabúr og gegnt því hlóðaeldhús, næst eru Langabúr og Norðurbúr og loks Suðurdyr, en á þeim er bakinnangangur á suðurstafni, og gegnt þeim að norðanverðu er Gusa og innst er þrískipt baðstofa. Veggir eru hlaðnir úr torfi og torfþak er á öllum húsunum. Stafnþil frambæjarhúsa og Suðurdyra eru klædd listapili en hálfþil á baðstofu er klætt reisisfjöl. Fyrir dyrum eru okahurðir og yfir þeim eru litlir gluggar með tveimur til sex rúðum en yfir bæjardyrum er hálfhringgluggi. Á stofustöfnum og hálfþili baðstofu eru sex rúðu gluggar með miðpósti, litlir kvistgluggar eru á bæjargöngum, búrum, eldhúsi og Suðurdyrum og tveir fjögurra rúðu kvistgluggar eru á Gusu. Syðst og nyrst á vestursúð baðstofu er sex rúðu kvistgluggar en á milli þeirra eru þrjár tveggja rúðu kvistgluggar og einn er nyrst á austursúð.

Veggir smiðju og beggja skemma eru torfhlaðnir og í þeim eru stóðir við veggi, langbönd, þverbitar og kálsperrur með langböndum og gisinni reisisúð. Eldiviðarskemmu hefur verið

breytt í tæknirými og skemman er klædd að innan með krossvið. Millipil sunnan megin í bæjardyrum er klætt standpiljum en að norðanverðu er lárétt bordaklæðning felld inn á milli stöða og skástífa í grind. Suðurstofa er klædd brjóstþili með reitum að neðan og standpiljum að ofan. Yfir stofunni og bæjardyrum eru gólfborð suðurlofts á bitum. Stigi upp á loftið er við bakgafi suðurstofu og gengið í hann úr bæjargöngum. Suðurloft er klætt standþili og spjaldþili. Á húsinu eru kálfsperur, langbönd og reisifjöl. Norðurstofa er klædd spjaldþili og yfir henni er loft á bitum. Lokrekkja er innst í stofunni og afþiljaður stigi í suðvesturhorni. Norðurstofuloft er portbyggt, veggir klæddir standþili og spjaldþili og súðin klædd reisifjöl á langböndum og kálfsperum. Bæjargöng eru torfhláðin, stöðir eru við vegg og á þeim veggssyllur með þverbitum og á þeim er þakás og raftar yfir út á vegg.




Glaumbær í Skagafirði, gaflhlöð. GLH 2007.



Teikning: Sören Rasmussen

1. Bæjardyr og bæjargöng
2. Suðurstofa
3. Norðurstofa
4. Eldhús
5. Litlabúr
6. Langabúr
7. Norðurbúr
8. Gusa
9. Suðurdyr
- 10-12. Baðstofa
13. Eldviðarskemma
14. Norðurskemma
15. Suðurskemma
16. Smiðja



Glaumbær, rúmmynd og grunnmynd. Teikningar Sören Rasmussen arkitekt

¹ Þjóðminjasafn Íslands. Skjalasafn húsasafns. Glaumbær.